

Fagráð í hrossarækt

69. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, þriðjudaginn 22. október klukkan 13:00
Mættir: Sveinn Steinarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Vignir Siggeirsson, Þorvaldur Kristjánsson Guðný Helga Björnsdóttir. Jafnframt sat Guðlaugur Antonsson sem boðaður var sérstaklega til að fara yfir ýmis mál

Baldvin Ari Guðlaugsson og Elvar Einarsson mættu ekki

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Hrossaræktarráðstefnan
 - a. Dagskrá
 - b. Ræktunarbú
 - c. Heiðursverðlaunahryssur
3. Yfirferð um niðurstöður áverkaskoðunar á kynbótasýningum sumarsins Bráðabirgðauppgjör kynbótasýninga
4. Yfirferð mála fyrir FEIF fund í Malmö
 - a. Bann við tungubogamélum með vogarafli
 - b. Breytingar á reglum um hófalengd
 - c. Annað
5. Önnur mál

Formaður fagráðs setur fundinn

1. Hrossaræktarráðstefnan

- a. Farið fyrir drög að dagskrá sem áður hafa verið send út til umfjöllunar. Í ljósi þess að búið er að færa þingstörf á landsþingi LH yfir á sama dag og ráðstefnan er haldin er ákveðið að seinka ráðstefnunni um klukkutíma. Mun hún því hefjast klukkan 13. Jafnframt þarf að gera breytingar á dagskrárdrögum vegna fjölda heiðursverðlaunahryssna en þær eru 8 að þessu sinni. Eftirfarandi dagskrá er samþykkt:

Dagskrá hrossaræktarráðstefnu 8. nóvember 2014

- | | |
|-------|--|
| 13:00 | Setning – Sveinn Steinarsson |
| 13:10 | Hrossaræktarárið 2014 – Niðurstöður kynbótamats |
| 13:30 | Heiðursverðlaunahryssur með afkvæmum 2014 |
| 14:00 | Verðlaunaveitingar
Hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)
Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
Verðlaun, hæsta litförótta hryssa ársins |
| 14:25 | Erindi um tannheilbrigði hrossa – Sonja Línadal Þórisdóttir |
| 14:50 | Erindi um niðurstöður hófarannsóknar – Sigurður Torfi Sigurðsson |
| 15:15 | Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/menn ársins 2014 |
| 15:30 | Kaffihlé |

15:45 Umræður
16:30 Ráðstefnuslit

- b. **Umfjöllun um ræktunarbú.** Fyrir fagráð er lagt uppgjör úr sýningarhaldi ársins sem liggur til grundvallar vali á ræktunarbúum. Samþykkt er að tilnefna 11 ræktunarbú til verðlauna árið 2014. Eru þau í starfrófsröð:
- Einhamar 2
 - Eystra-Fróðholt
 - Fet
 - Flagbjarnarholt
 - Halakot
 - Hof á Höfðaströnd
 - Ketilsstaðir/Syðri Gegnishólar
 - Lambanes
 - Laugarbakkar
 - Miðás
 - Steinnes
- c. Heiðursverðlaunahryssur. Fjallað er um heiðursverðlaunahryssur en samkvæmt nýreiknuðu kynbótamati eru 8 hryssur sem standast þau viðmið sem sett eru til að hryssa hljóti heiðursverðlaun.

2. Yfirferð á niðurstöðum áverkaskoðunar á kynbótasýningum sumarsins.

Lögð er fram samantekt á niðurstöðum áverkaskoðunar á kynbótasýningum sumarsins 2014. Ánægjulegt er að sjá að tíðni áverka á kynbótahrossum hefur minnkað frá fyrri árum og er það vonandi viðsnúningur sem heldur áfram komandi ár. Einnig er ljóst að ef áverkaskráning er skoðuð eftir sýnendum þá eru nú fleiri sýnendur en áður sem hafa enga skráða áverka á þeim hrossum sem þeir sýndu. Í samræmi við fyrri bókanir fagráðs verður nú birtur listi yfir alla knapa og hlutfall áverkaskráningar á sýndum hrossum. Ákveðið er að skera listann við knapa sem sýndu 10 hross eða fleiri þar sem varla er marktækt að birta áverkahlutfall hjá knöpum sem sýndu fá hross. Ákveðið er að útbúa sérstaka tilkynningu með niðurstöðum úr áverkaskráningu til birtingar.

3. Kynning á bráðabirgðauppgjöri kynbótasýninga

Ritari fagráðs leggur fram bráðabirgðauppgjör kynbótasýninga hjá RML. Ljóst er að talsverður árangur hefur orðið í því að draga úr kostnaði við sýningahald með því að fella niður litlar sýningar og hagræða í öðrum þáttum s.s. ferða og gistikostnaði. Á móti koma lögbundnar samningsbundnar? launahækkanir á árinu 2014 sem eðlilega hafa talsverð áhrif á rekstur sýninganna þar sem launaliðurinn er lang stærsti gjaldaliðurinn. Málið verður tekið til frekari umræðu á fundi fagráðs í desember

4. Nefndafundur FEIF í Malmö

Fyrir dyrum standa nefndarfundir FEIF. Guðlaugur og Gunnfríður munu sitja fundinn. Farið er yfir þau mál sem fyrir fundinum liggja. Þar með talið er mögulegt bann við notkun á mélum með tunguboga og vogarafli á vettvangi FEIF. Við umfjöllun um málið í vor ályktaði fagráð um nauðsyn þess að byggja endanlega ákvörðun um bann við notkun á mélum með tunguboga og vogarafli á gögnum sem safnað yrði í sumar. Fagráð hefur nú rætt niðurstöður áverkaskoðunar á landsmóti og fengið kynningu á þeim niðurstöðum frá Sigríði Björnsdóttur. Þær niðurstöður eru þess eðlis að taka verði alvarlega og aðlaga reglur vegna kynbótasýninga að þeim með banni á notkun umrædds búnaðar í kynbótasýningum. Nýútgefin reglugerð um velferð hrossa tekur jafnframt af öll tvímæli um notkun viðkomandi búnaðar í sýningum og keppni.

Fagráð leggur því áherslu á að mikilvægt sé að því sé komið til skila innan kynbótanefndar FEIF að út frá hagsmunum sameiginlegs kynbótastarfs sé mikilvægt að samræmi sé í reglum og þeim búnaði sem leyfður er á öllum kynbótasýningum sem skipulagðar eru innan FEIF því öll þau gögn sem safnað er á þeim sýningum koma inn í sameignilegt gagnasafn sem liggur til grundvallar útreikningum á kynbótamati.

Tillögur um breytingar á járningareglum varðandi hófalengd og hámarks mun á hófalengd munu einnig koma til umræðu á fundinum en niðurstöður stórrar hófarannsóknar voru kynntar á aðalfundi FEIF fyrr á árinu.

Fagráð telur eðlilegt að styðja tillöguna enda sýni mælingar á lengd hófa á kynbótahrossum að slík breyting myndi ekki hafa áhrif á meginþorra þeirra hrossa sem koma til dóms og niðurstöður áðurnefndrar rannsóknar benda eindregið til þess að þessi breyting sé til bóta ef horft er til velferðar hrossa.

5. Önnur mál.

Formaður leggur fram eftirfarandi ályktun sem beint er til stjórnar RML: „Í ljósi þess að Guðlaugur Antonsson mun ekki snúa aftur til starfa sem ábyrgðarmaður hrossaræktar leggur Fagráð í hrossarækt áherslu á að ráðið verði í stöðu ábyrgðarmanns hrossaræktarsviðs RML, ræktunarleiðtoga Íslands/landsráðunauts. Það er gríðarlega mikilvægt að starfið verði skilgreint með hliðsjón af því forystuhlutverki sem við viljum gegna á sviði ræktunar íslenska hestsins á alþjóðavísu.

Ábyrgðarmaður hrossaræktar þarf að hafa góða félagslega tenginu, starfa þétt með búgreininni og vera faglega sterkur, vera góður talsmaður fyrir íslenska hestinn, hestamenskuna og leiðandi í samstarfi og samvinnu hérlendis sem erlendis.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Ritari fagráðs